

## Vegna laga nr. 91/1987, um sóknargjöld o.fl.

Í frumvarpi til fjárlaga komandi árs, 2024 er lagt til að sóknargjöld lækki um 7,1%.

Frá því fljótlega eftir hrun hafa sóknargjöld verið rétt helmingur af því sem þau voru fyrir bankahrunið 2008. Því hafa söfnuðir Þjóðkirkju og starfsstöðvar annara lífsskoðunarfélög þurft að sníða stakk sinn þröngt vegna þessa undanfarin 15 ár. Þessa skerðingu tóku lífsskoðunarfélög á sig tímabundið. Hrunið er afstaðið og eru því frekari skerðingar ekki réttlætanlegar.

Það má færa rök fyrir því að aðgerð þessi hafi komið niður á æskulýðsstarfi, almennu safnaðarstarfi og þjónustu lífsskoðunarfélaga. Framkvæmdir og viðhald við húsnæði og eignir hafa af þessum sökum setið á hakanum.

Til að standa vörð um þá þjónustu og það mikilvæga starf sem á sér stað á vegum Þjóðkirkju og lífsskoðunarfélaga er hér lagt til að sóknargjöld verði ekki lækkuð, einnig er lagt til að sóknargjöld verði vísitölutengd. Það er ljóst að ekki er hægt að reka söfnuði og lífsskoðunarfélög til lengdar á hálfu framlagi og ljóst að festa þarf betri lausn í lög en lagt hefur verið til.

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir,  
sóknarborn Hveragerðisprestakalls  
Alda Pálsdóttir,  
sóknarborn Hveragerðisprestakalls